

Nr. 27

6. janúar 2009

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu fyrir árið 2009 skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	kr. 18.500
Frístundahús	kr. 6.500

Sorpgjald vegna frístundahúsa miðast við sorphirðu á tímabilinu júní – ágúst.

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir.

4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá Flokkunar Eyjafjarðar ehf.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Svalbarðsstrandarhreppi nr. 1170/2006.

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps, 6. janúar 2009,

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2009